



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 133/1586
komudagur 13.3.2007

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.03.2007
Tilv. 90.13
JS/sv

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 37. mál, 133. löggjafarþing 2006.

Vísað er í erindi Umhverfisnefndar Alþingis dags. 23. febrúar 2007 varðandi umsögn um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þar sé verið að leggja til að verkefni í umsjá sjávarútvegsráðuneytisins svo sem eins og "hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum" verði flutt frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Jafnframt, að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er. Breyting þessi er talin nauðsynleg "til þess að leggja ríkari áherslu en verið hefur á umhverfispátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna". Þá er og vikið að því að þessi breyting sé lögð til í þeim tilgangi "að færa mikilvægur ákvarðanir og tillögugerð úr höndum hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis".

Hafrannsóknastofnunin tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til þess hvar í stjórnsýslunni hún er hýst. Komi hins vegar til breytinga á stöðu stofnunarinnar í stjórnsýslunni er mikilvægt að haft sé í huga að starfseminni sé tryggður fjárhagslegur grundvöllur svo unnt sé að gera nauðsynlegar rannsóknir og þar með undirbyggja ráðgjöf um vernd og nýtingu auðlindarinnar. Þá ber að tryggja áframhaldandi sjálfstæði starfseminnar í faglegu tilliti og að lokum ber að tryggja lifandi og nán tengsl við helstu hagsmunaaðila svo vitneskja í atvinnugreininni nýtist rannsóknastarfinu og hagsmunaaðilar beri traust til rannsókna og ráðgjafar.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurðsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1587
komudagur 13.3.2007

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. mars 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, mál 37.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og á lögum um stjórn fiskveiða.

Við leggjumst alfarið gegn því að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu nái fram að ganga. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rannsóknir og stjórn á nýtingu þeirra auðlinda sem málið varðar sé betur fyrir komið ef hagsmunaaðilar koma þar ekki nærri. Þessi hugsun byggist á regin misskilningi enda eiga engir meira undir því að vel takist til um nýtinguna en þeir sem eiga allt sitt undir í þessu efni. Réttar væri að flytja ábyrgð á rannsóknum og nýtingu frekar til hagsmunaaðila en nú er.

Virðingarfyllst,

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins

Guðbergur Rúnarsson
Samtök fiskvinnslustöðva